

56. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 10.04.2012

Mættir: Berglind Rafnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir, Guðmundur Geirsson, Helgi Stefánsson og Óskar Ingi Sigurðsson.

Fundarefni.

Aðalfundur.

Nefndarmenn fóru yfir aðalfundinn sem þótti takast vel. Ákveðið var að Berglind yrði áfram formaður og Brynja ritari nefndarinnar.

Ekki náðist þó að fá nýja varamenn og munu nefndarmenn vinna markvisst að þeim málum.

Ræddu nefndarmenn fjölda hverfisíbúa á fundinum og ákveðið var að fyrir næsta fund yrði dreifibréf sett inn á öll heimili í hverfinu eins og hafði verið gert síðustu 2 ár en ákveðið var að sleppa því í ár.

Þá var farið yfir ýmis mál er komu upp á fundinum frá hverfisíbúum og fleirum.

Má þar nefna meðal annars hindrun á gangstétt norðan bílaplanið v/Bónus við Undirhlíð, forarpyttir við blokkirnar í Undirhlíð, gamla brúin yfir Glerá, gönguslóði (vegslóði) við Glerá að norðan frá brú að stífluhúsi, malarhaugar norðvestan við Bílasölu Akureyrar, inn-útkeyrsla á bílaplani við Bónus v/Undirhlíð.

Ákveðið var að senda nokkur erindi vegna þessa til viðeiganda aðila.

Farið var yfir verkefnalista nefndarinnar frá fyrra ári. Hluta verkefna er lokið en haldið verður áfram vinnu við restina.

Undirgöng.

Óskar greindi frá því að málun á undirgöng í hverfinu sem sótt hefði verið um til Vegagerðarinnar hefði verið sett í „hraðmeðferð“ og mun koma svar við ósk nefndarinnar fljótlega.

Ekki fleira rætt að svo stöddu.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 8. maí 2012 kl. 18:00 í Glerárskóla.

Ritað 10. apríl 2012

Brynja